



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð

69. Fjórðungshings Vestfirðinga að vori

Ísafirði 10. apríl 2024

Miðvikudaginn 10. apríl 2024, var 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori, haldið í sal Edinborgarhússins, Aðalstræti 7, Ísafirði og hófst kl. 12:00.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 12:21 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Jóhanna gerði að tillögu að þingforseti yrði Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ. Tillagan var samþykkt og tók þingforseti Arna Lára Jónsdóttir við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna. Þingforseti gerði að tillögu sinni að varaþingforseti yrði Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ og að þingritarar yrðu Sigurður Líndal Þórisson og Magnús Þór Bjarnason starfsmenn Vestfjarðarstofu. Tillagan samþykkt. Þingforseti vék því sem næst af fundi og varaþingforseti tók við stjórn fundarins.

Varaþingforseti tilkynnti að samkvæmt skráningu þingfulltrúa væri mætt væri fyrir 6596,73 atkvæði, eða 67% atkvæða en ónýtt atkvæði væru 3271,26.

Varaþingforseti lagði til að dagskrárliðir tvö og þrjú séu teknir saman og umræður verði eftir að endurskoðuð fjárhagsáætlun hefur verið lögð fram. Samþykkt einróma.

Því næst var gengið til dagskrár

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á

Varaþingforseti gaf Jóhönnu Ösp Einarsdóttur formanni FV orðið. Jóhanna Ösp tók til máls og flutti skýrslu stjórnar. Vísað er að öðru leyti í þingskjal 4.

Varaþingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á

Varaþingforseti gaf næst Aðalsteini Óskarssyni, sviðsstjóra byggðaþróunar Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins orðið.

Fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2023 sem var staðfestur á stjórnarfundi 27. mars 2024 en fyrir lá einnig samhljóða tillaga fundar fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins 21. mars 2024. Ársreikningur var sendur til sveitarfélaga 27. mars 2024 og settur á heimasíðu með gögnum

þingsins sama dag. Aðalsteinn kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2023.

Aðalsteinn kynnti síðan niðurstöðu rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymi og að með ársreikningi fylgdu skýringar og rekstrarreikningur þriggja deilda en vísaði til gagna þingsins og svaraði fyrirspurnum ef óskað er, en rekstarniðurstaða deilda væri samræmi við áætlun. Skýringar með ársreikningi og fyrir rekstri einstakra deilda Fjórðungssambandsins vísast til þingskjals nr. 5a.

Á grundvelli tillögu fjárhagsnefndar og samþykki stjórnar Fjórðungssambandsins þá gerði Aðalsteinn að tillögu til þingsins að ársreikningur verði samþykktur.

Varaþingforseti kynnti að hann heimilaði Aðalsteini til að halda áfram og fjalla um endurskoðaða fjárhagsáætlun 2024, síðan yrðu ársreikningur og endurskoðuð fjárhagsáætlun borin upp að aflokinni framsögu. og báðir liðir bornir upp saman í lok yfirferðar gagna.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár

Með leyfi varaþingforseta forseta hélt Aðalsteinn áfram í beinu framhaldi af kynningu rekstrarreiknings og kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2023. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var send til sveitarfélaga 27. mars 2023 ásamt minnisblaði sviðsstjóra um efni áætlunarinnar og er það minnisblað einnig í gögnum þingsins, vísast að öðru leyti til þingskjala nr. 5b og 5c.

Fór Aðalsteinn yfir helstu breytingar í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2024 í samanburði við fjárhagsáætlun sem samþykkt var á 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti. Við gerð áætlunar var einnig stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2023.

Sviðsstjóri vann endurskoðaða fjárhagsáætlun og lagði fyrir fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins og stjórn Fjórðungssambands. Fjárhagsnefnd fjallaði um tillöguna á fundi 12. mars og 24. mars s.l. og tillagan á þingskjali 5b er tillaga nefndarinnar til 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori.

Tekjuáætlun

Rekstrartekjur nema 324,9 mkr og hækka um 89,4 mkr, Breytingar skýrast af auknum verkefnum þar er Svæðisskipulagið stærsta verkefnið og er settur sem sérstakur liður í áætluninni alls 35,6 mkr. Í annan stað eru þar 68,8 mkr styrkir sem færast frá árinu 2023. Millifærslur á milli deilda um 14, 6 mkr eru settar fram til skýringar en hafa ekki áhrif á niðurstöðu.

Gjaldaáætlun

Rekstrargjöld rekstrargjöld nema 321,9 mkr og hækka um 87,4 mkr frá fjárhagsáætlun 2023 mestmegnis vegna aukins verkefnafjármagns sem greitt er óskert til verkefna s.s. svæðisskipulags og annarra aðila sem sjá um framkvæmd verkefna.

Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða með tilliti til breytingum á tekjum og gjöldum, hækkar um 1,8 mkr frá áætlun en er jákvæð um 3 mkr.

Aðalsteinn vísaði til að öðru leyti vísast til þingskjals 5b fjárhagsáætlun og þingskjals 5c greinargerð með fjárhagsáætlun. Hann áréttaði að í greinargerð væri tillaga fjárhagsnefndar um stofnun varasjóðs stjórnar. Varasjóður myndast af tekjum sem eru umfram áætlun og í stað áætlunar um aukningu á aðkeyptri vinnu í gjaldalið, verði myndaður varasjóður sem verði nýttur af stjórn innan rekstrarársins. Greinargerð verði skilað til Fjórðungspings við afgreiðslu ársreiknings.

Varaþingforseti gaf orðið laust um ársreikning 2023 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2024. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Varaþingforseti bar upp tillögu um að samþykkja ársreikning 2023 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Tillagan samþykkt einróma.

4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.

Jóhanna Ösp Einarasdóttir kynnti tillögu stjórnar að dagsetningu og málefni 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti.

Tillagan gerir ráð fyrir að haustþing verði haldið 18. og 19. október á Hótel Laugarhóli, Bjarnafirði í Kaldrananeshreppi. Umfjöllunarefni þingsins verði frumdrög Svæðisskipulags Vestfjarða og kynning á tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029, sjá nánar á þingskjali 6.

Varaþingforseti gaf orðið laust og óskaði eftir öðrum tillögum um umfjöllunarefni á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti 2024.

Engin kvaddi sér hljóðs,

Varaþingforseti gerir að tillögu sinni að umfjöllunarefni þingsins verði samkvæmt tillögu stjórnar.

Samþykkt einróma.

5. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna (dagskrárliðurinn á ekki við á 68. Fjórðungspingi að vori)

Varaþingforseti gaf formanni orðið. Jóhanna Ösp gerði að tillögu sinni að kosningum til kjörnefndar verði frestað til hausts. Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál löglega fram borin

Varaþingforseti gaf þingforseta orðið sem tók aftur við stjórn þingsins. Þingforseti gaf formanni orðið.

a) Boðun Fjórðungspings að sumri í fjarfundi

Jóhanna Ösp kynnir tillögu stjórnar. Tillagan kveður á um að hvert sveitarfélag leggi til einn fulltrúa þann 19. júní 2024, sjá þingskjal 7. Varþingforseti gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs. Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

b) Undirbúningur breytinga á samþykktum og þingsköpum á haustþingi

Þingforseti gaf formanni aftur orðið. Jóhanna Ösp kynnir tillögu stjórnar, sjá þingskjal 8. Varþingforseti gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs. Varþingforseti bar tillöguna upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

c) Kosning aðalmanns í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Þingforseti bar fram tillögu um að Jóhann Birkir Helgason verði fulltrúi Ísafjarðarbæjar í stjórn í stað Aðalsteins Traustasonar, sjá þingskjal 9. Varþingforseti gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs. Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

d) Kosning varamanns í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Þingforseti bar fram tillögu um að Dagný Finnbjörnsdóttir verði varafulltrúi Ísafjarðarbæjar í stjórn, sjá þingskjal 10. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs. Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

e) Kosning varamanns í fjárhagsnefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga

Þingforseti bar fram tillögu um að Guðný Stefanía Hafþórsdóttir verði varafulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar í fjárhagsnefnd, sjá þingskjal 11. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs. Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

f) Kynning á drögum að lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða og drögum að markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Vestfjarða

Þingforseti gaf formanni orðið. Formaður fylgdi þessum dagskrárlið úr hlaði. Því næst kynnti varþingforseti dagskrárbreytingar og gaf Sigríði Ó. Kristjánsdóttur framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu orðið. Sigríður kynnti málið fyrir þingfulltrúum og þá vinnu sem fyrir liggja og mikilvægi stefnumarkandi áætlanagerðar sem hvorutveggja svæðisskipulag og Sóknaráætlun falla þar undir. Vísast hér að öðru leiti í upptöku af þinginu.

Þingforseti þakkaði Sigríði sína framsögu og bauð Hrafnkell Proppé og Héðinn Unnsteinsson frá Urbana ehf velkomna á þingið. Hrafnkell og Héðinn tóku til máls og

fóru yfir málefni Svæðisskipulags og Sóknaráætlunar sem Urbana ehf og VSÓ ráðgjöf vinna að samkvæmt samningi við Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofu. Vísast hér í öðru leyti í upptöku af þinginu, <https://vimeo.com/manage/videos/935893956>

Hrafnkell og Héðinn luku máli sínu og þakkaði þingforseti þeim fyrir sína innleiðingu. Þingforseti gerði kaffihlé kl. 13:57.

Dagskrá hófst aftur kl. 14:11. Þingforseti gaf Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar Vestfjarðastofu að halda utan um umræður vegna Svæðisskiplags.

Til máls tóku; Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhrepp og formaður svæðisskiplagsnefndar. Þorgeir Pálsson, oddviti og sveitarstjóri Strandabyggðar. Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahrepp. Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps. Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar. Gylfi Ólafsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Ingibjörg Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps. Þórdís Sigurðardóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar. Hildur Arnadóttir, Kaldrananeshreppi. Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ. Sigríður Kristjánsdóttir, Vestfjarðarstofu. Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri og bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæ.

Lilja Magnúsdóttir, formaður og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, varaformaður Svæðisskiplagsnefndar Vestfjarða þokkuðu góðar umræður og drógu síðan saman efni umræðunnar á þinginu.

Þingforseti kynnti að fyrir þinginu lægju engar frekari önnur mál en gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

7. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga til sumars 2024

Þingforseti þakkaði fyrir sig og orðið til formanns.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambandsins þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing, þingforsetum fyrir fundarstjórn og starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir skipulag og umgjörð þingsins. Hún þakkaði svo sveitarstjórnarfulltrúum fyrir samstarfið það sem af er kjörtímabilsins horfði fram til áframhaldandi samstarfs og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Formaður frestaði 69. Fjórðungþingi að vori kl. 15.09.

Arna Lára Jónsdóttir, þingforseti

Sigurður Líndal Þórsson, þingritari

Magnús Þór Bjarnason, þingritari

Þingskjal 1, Dagskrá

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/tingskjal-1-dagskra-69.-fjordungstthings-vor.pdf>

Þingskjal 2 Atkvæðavægi

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/tingskjal-2-atkvaedavaegi-2024.pdf>

Þingskjal 3. Samþykktir og þingsköp

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/fv-samthykkir-og-thingskop-23.-okt-2021-.pdf>

Þingskjal 4. Skýrsla stjórnar

Uptaka - <https://vimeo.com/manage/videos/935890943>

Þingskjal 5a. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2023

https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/2023_arsreikningur_fv.pdf

Þingskjal 5b. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/endurskodu-d-fjarhagsaaetlun-fv-2024-og-deilda.pdf>

Þingskjal 5c. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 – Greinargerð

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/greinargerð-endursk-fjarhagsaaetlun-fv-2024.pdf>

Þingskjal 6. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefni

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/tingskjal-6-akvordun-dagsetningar-haustthings-og-umfjollunarefnis.pdf>

Þingskjal 7. Boðun Fjórðungsping að sumri í fjarfundi

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/tingskjal-7-bodun-fjordungstthing-ad-sumri-i-fjarfundi.pdf>

Þingskjal 8. Undirbúningur breytinga á samþykktum og þingsköpum á haustþingi

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/tingskjal-8-undirbuningur-breytinga-a-samthykkum-og-thingskopum-a-haustthingi.pdf>

Þingskjal 9. Kosning aðalmanns í stjórn FV

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/tingskjal-9-kosning-adalmanns-i-stjorn-fjordungssambands-vestfirdinga.pdf>

Þingskjal 10. Kosning varamanns í stjórn FV

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/vor/tingskjal-10-kosning-varamanns-i-stjorn-fjordungssambands-vestfirdinga.pdf>

Þingskjal 11. Kosning varamanns í fjárhagsnefnd FV

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/69thing/vor/thingskjal-11-kosning-varamanns-i-fjarhagsnefnd-fjordungssambands-vestfirdinga.pdf>